

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 24. september 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nr. 90.

20. október 1969.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 20. október 1969 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

V. kafli B. Læknadeild, 42. og 43. gr., orðist svo:

42. gr.

Kennsla, rannsóknir og nám í læknadeild, svo og um stjórn deildarinnar.

a. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla og rannsóknir í læknisfræði og skyldum greinum.
2. Kennsla læknakandidata eftir því, sem tilefni og ástæður gefast til.
3. Ráðgjöf um heilbrigðismál fyrir stjórnvöld samkvæmt lögum.

b. Inntökuskilyrði.

Aðgang að læknisfræðinámi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru samsvarandi prófi. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í stúdentsprófi sem skilyrði inntöku.

Réttur þeirra, er falla á fyrsta árs prófum, til áframhaldandi setu í deildinni skal ekki vera meiri en réttur nýstúdentu til inngöngu.